

 VINNUEFTIRLITIÐ	<h1>Starfsmannarými</h1> <h2>Sértækur vinnuumhverfisvísir</h2>	Nr. skjals: VSÁFE05 Útgáfunr.: 1 Dags: 8.6. 2011 Höf.: SS/Gæðaráð Ábyrgðarm: SS Bls. 2
---	--	---

Í reglum nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða er starfsmannarými notað sem samheiti fyrir:

A. Búningsherbergi og fatahengi., B. Snyrtiherbergi, salerni og þvagstæði.,
C. Þvotta- og baðklefa., D. Kaffi- eða matstofur.

A – Búningsherbergi og fatahengi:

<i>Efnisþáttur – atriði</i>	<i>Viðmið - athugasemdir</i>	<i>Mat:</i> V: Í lagi X: Ekki í lagi 0: Á ekki við	<i>Lög, reglur og leiðbein. VER, annað</i>
A1 Búningsherbergi			
1. Skipulag	Skipuleggja og innrétta þarf búningsherbergi eftir eðli starfsins á hverjum vinnustað.		R-581/1995 14-20.gr. Lb. nr.9. bls. 4-7 og 12-14.
2. Stærð	Minnst 0,6 m ² gólfplötur fyrir hvern starfsmann að meðtöldum fataskáp.		R-581/1995 15.gr.
3. Fataskápar	Skápar skulu vera læsanlegir, með loftræstiopum og hillu. Stærð þeirra skal vera minnst 0,5 x 0,3 m að þverflatarmáli og hæð 1,7 m, sjá nánar í reglum.		R-581/1995 19-20.gr. Lb.-9./1988, bls. 4-7.
4. Staðsetning og fyrirkomulag	Þar sem starfsfólk þarf að hafa fataskipti á vinnustað skulu búningsherbergi aðskilin fyrir karla og konur. Merking á hurðum fyrir hvort kyn.		R-581/1995 14.gr. Lb. nr.9 bls. 4. Ábending
A2 Fatahengi			
1. Stærð	0,2 m stangarlengd fyrir starfsmann.		R-581/1995 20.gr.
2. Verðmætahirslur	Þar sem einungis er fatahengi eiga að vera læst verðmætahólf.		R-581/1995 19.gr. mgr.6. Lb. nr. 9 bls.7.

B – Snyrtiherbergi, salerni

B1 Salerni			
1. Staðsetning	Greiður aðgangur skal vera að salerni og snyrtingu, þó ekki þannig að beint samband sé við matsal eða vinnurými.		R-581/1995 21.gr.
2. Salerni aðgreind milli kynja	Þar sem starfa fleiri en 5 karlar og 5 konur skulu salerni og snyrtingar aðgreindar fyrir hvort kyn.		R-581/1995 22.gr. 1.mgr.
3. Fjöldi salerna	Að jafnaði skal vera minnst eitt salerni fyrir allt að 15 starfsmenn.		R-581/1995 22.gr. 2.mgr.
4. Stærð salernisklefa	Gólfplötur salernisklefa skal vera minnst 1,2 m ² .		R-581/1995 23.gr. 4. mgr. Lb.-9/1988, bls. 8 og 10.
5. Loftræsting á salernum	Salerni skal loftræst á vélrænan hátt ef loftræsting verður á annan hátt ónóg. Þar sem því verður við komið skal gera ráð fyrir opnanlegum gluggum í útvegg.		R-581/1995 24. gr.
6. Handlaugar	Gera skal ráð fyrir handlaugum í tengslum við salerni.		R-581/1995 22.gr. 2. mgr.
7. Snyrtingar á þjónustustöðum	Á þjónustustöðum, þar sem gert er ráð fyrir aðgangi annarra en starfsmanna að snyrtiaðstöðu skal sú aðstaða aðskilin frá snyrtiaðstöðu starfsmanna.		R-581/1995 22.gr. 3. mgr.

C – Þvotta- og baðklefar

<i>Efnispáttur – atriði</i>	<i>Viðmið - athugasemdir</i>	<i>Mat: V: Í lagi X: Ekki í lagi 0: Á ekki við</i>	<i>Lög, reglur og leiðbein. VER, annað</i>
C1 Þvottaaðstaða			
1.1 Handlaugar	Sé vinna óþrífaleg skal að jafnaði vera ein handlaug fyrir hverja 5 starfsmenn. Sé vinna ekki óþrífaleg skal vera minnst ein handlaug fyrir 10 starfsmenn.		R-581/1995 26.gr.
1.2 Innrétting	Þvottaaðstaða við handlaug skal vera minnst 0,6 m breið og minnst 1,2 m frá handlaug að vegg eða öðrum búnaði.		R-581/1995 29.gr. og 19.gr. 2. mgr.
C2 Baðklefar			
2.1 Steypiböð	Þar sem starfsmenn þurfa steypiböð vegna þess að þeir óhreinast eða svitna við störf sín skal vera minnst eitt steypibað fyrir hverja 5 starfsmenn. Eru steypiböð fyrir þá sem stunda líkamsrækt í tengslum við vinnutímann?		R-581/1995 26.gr. 5. mgr. Lb. nr. 9. bls.9. Ábending
2.2 Staðsetning	Innangengt skal vera milli steypibaða og búningsherbergis.		R-581/1995 29. gr.. 6. mgr.

D – Kaffi- og matstofur

<i>Efnispáttur – atriði</i>	<i>Viðmið - athugasemdir</i>	<i>Mat: V: Í lagi X: Ekki í lagi 0: Á ekki við</i>	<i>Lög, reglur og leiðbein. VER, annað</i>
D1 Kaffi- og matstofa			
1.1 Staðsetning	Kaffi- og matstofa starfsmanna skal vera í sérstöku rými. Á mjög fámennum stöðum (1 - 3 starfsmenn) má innrétta hana án sérstaks rýmis sem þó verður að vera vel afmarkað.		R-581/1995 31.gr.
1.2 Stærð	Lágmarks gólfflatarmál fyrir hvern starfsmann skal vera 1,2 m ² .		R-581/1995 32.gr.
1.3 Búnaður	Borð skulu vera nægjanlega mörg svo allir sem eiga matarhlé samtímis geti matast á sama tíma. Miða skal við að matborð sé minnst 0,6 m á breidd og 0,6 m séu ætlaðir á mann við langhlið borðsins. Sæti ber að hafa af réttri hæð og með góðum bakstuðningi. Í matstofum skal jafnframt gera ráð fyrir ákveðnum lágmarksbúnaði s.s. eldhúsvaski, hitunartæki, kæliskáp, skápum og hillum.		R-581/1995 35.gr. Lb. nr. 9 bls.15-16.
1.4 Lofthæð	Lofthæð skal vera minnst 2,5 m. Sé loft hallandi má lofthæð reiknast frá 2,2 m.		R-581/1995 32.gr.
1.5 Loftræsting	Kaffi- og matstofa skal loftræst á fullnægjandi hátt.		R-581/1995 34. gr..

Dags.

Undirskrift

Undirskrift